



HANDKNATTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS

ÁRSSKÝRSLA 2022



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	2
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR.....	3
SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR.....	6
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR	8
SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR	9
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR	12
SKÝRSLA BLAKDEILDAR	13
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR	16
SKÝRSLA BORDTENNISDEILDAR	18
SKÝRSLA DANSDEILDAR.....	20
SKÝRSLA BANDÝDEILDAR.....	22
HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	24
VIÐAUKI 1. LÖG HK	28
ÁRSREIKNINGAR	34



ÁVARP FORMANNS

Kæru HK-ingar

HK árið 2022 var viðburðaríkt, krefjandi en um leið skemmtilegt íþróttaár. Meistaraflokkar karla í handbolta og fótbolta tryggðu sér sæti í efstu deild og meistaraflokkur kvenna í fótbolta var nálægt því að gera slíkt hið sama. Karlalið í blaki endaði í 2. sæti í efstu deild og má því segja að árangur á árinu hafi almennt verið góður hjá öllum deildum félagsins en farið er yfir árangurinn í skýrslum deilda.

Starfsemi félagsins þokaðist aftur í það form sem það var í fyrir heimsfaraldur og hægt var að halda flesta skipulagða íþróttaviðburði sem og aðra tekjuöflunarviðburði sem styðja við rekstur félagsins. Á árinu voru haldin nokkur stórmót og þar ber helst að nefna Auðar kvennamót fyrir yngri flokka í knattspyrnu, Krónumót fyrir 5.- 8. flokk karla og kvenna í knattspyrnu, Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna, UMSK mótið í dansi og öldungamót í blaki.

Ég vil koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hafa lagt hönd á plóg og gert félaginu kleift að halda þessi mót því án þeirra gæti félagið ekki haldið viðburði að þessari stærðargráðu. Einnig voru nokkrir fjáröflunarviðburðir haldnir á starfsárinu og má þar nefna konu- og herrakvöld sem og langþráð Kópavogsblót í janúar 2023, í samstarfi við Gerplu og Breiðablik, sem hefur skipað sér stóran sess í hjörtum Kópavogsbúa þar sem bæjarbúar koma saman og gleðjast yfir kjömmum og pungum.



Félagsaðstaða HK er ein sú besta á landinu og heldur félagið áfram að dafna, en passa þarf upp á að viðhald og þróun aðstöðunnar sé í takt við nýtingu og stækkun félagsins. Ekki hafa allar deildir jafn góða aðstöðu og má þar nefna að dansdeild félagsins getur ekki æft allar tegundir dansa þar sem húsnæðið er ekki hentugt en vonir standa til að úr því verði bætt.

Í upphafi ársins var sett á laggirnar nefnd skipuðum fulltrúum frá Kópavogsbæ og HK til greina og undirbúa þarfir HK og Kópavogsbæjar varðandi stúku og nýjan gervigrasvöll á félagssvæði HK. Nú hefur nefndin skilað af sér greinargerð til bæjarins til afgreiðslu og ákvarðana um framhaldið. Væntingar eru um að vinnu við deiliskipulag sem og forhönnun mannvirkisins ljúki á þessu ári og hægt verði að taka fyrstu spyrnu á nýjum gervigrasvelli fyrir framan fulla stúku af HK-ingum á árinu 2026. Ég vil þakka starfsmönnum Kópavogsbæjar fyrir samstarfið í nefndinni með hvatningu til komandi verkefna.

Rekstur félagsins hefur verið með ágætum undanfarin ár og niðurstaðan viðunandi þrátt fyrir að mikil þensla sé í samfélaginu með tilheyrandi verðlags- og launahækkunum. Slíkur árangur er ekki sjálfgefinn og vil ég fyrir það þakka öllum þeim sem hafa lagt lóð á vogarskálarnar.

Mikilvægt er að HK þróist í takt við tíðarandann og því hefur aðalstjórn HK ákveðið að ráðast í stefnumótun fyrir félagið með það að leiðarljósi að skýra verklag og setja stefnu til næstu ára.

Ég horfi björtum augum til framtíðar því sá efniviður sem félagið hefur yfir að ráða í iðkendum, sjálfboðaliðum og starfsfólki er sannarlega góður sem mun styðja við áframhaldandi uppbyggingu HK til lengri tíma.

Áfram HK!
Pétur Örn Magnússon
Formaður



SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR



Aðalstjórn HK er í forsvari fyrir félagið gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, Kópavogsbæ, opinberum yfirvöldum og aðalstjórnnum annarra íþróttafélaga.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Aðalstjórn annast rekstur eigna og íþróttahúsa HK, starfrækir íþróttaskóla HK ásamt almenningsíþróttahópum.

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

Pétur Örn Magnússon	formaður
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir	varaformaður
Alexander Arnarson	meðstjórnandi
Atli Steinn Árnason	meðstjórnandi
Anný Berglind Thorstensen	meðstjórnandi
Guðmundur K. Guðmundsson	meðstjórnandi
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir	meðstjórnandi
Hanna Carla Jóhannsdóttir	framkvæmdastjóri



HK er eitt af stærstu íþróttafélögum landsins og framtíð félagsins er björt.

Helstu viðburðir á árinu 2022

Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.á.m. Krónumót fyrir yngstu flokkana í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna. Þá var Öldungamót í blaki, „Stuðboltinn“, haldið með glæsibrag í lok apríl 2022.

Almennt gekk rekstur deilda félagsins vel og árangur var góður eins og lesa má nánar í skýrslum viðkomandi deilda.

Styrktaraðilar

Helstu styrktaraðilar HK hafa haldið tryggð við félagið og staðið þétt við bakið á félaginu á undanförunum misserum og árum og er ómetanlegt fyrir okkur HK-inga að hafa jafn öflug og traust fyrirtæki sem bakhjarla félagsins. Samkeppnin er mikil um það fjármagn sem fyrirtæki veita íþróttafélögum.

Frístundavagninn

HK, Breiðablik og Gerpla eiga í samstarfi um rekstur frístundavagnsins í þeim tilgangi að sameinast um akstur fyrir yngstu iðkendur sína í samstarfi og með stuðningi frá Kópavogsbæ. Hópbílar hafa annast þennan akstur.

Íþróttaskóli barna

Aðalstjórn HK í samstarfi við íþróttfræðinga rak íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára með aðsetur í Kórnum. Þar hefur farið fram fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem miðar að því að efla skyn- og hreyfiþroska barnanna ásamt því að kenna þeim að taka tillit hvers til annars. Markmiðið íþróttaskólans er að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og verkefnum í hlýlegu umhverfi sem íþróttasalurinn á að vera sem og að gera þau hagvön í Kórnum.

Mannauður

Mannauður HK liggur fyrst og fremst í frábærum iðkendum, kraftmiklu stjórnar- og starfsfólki ásamt þjálfurum innan allra deilda. Hjá HK starfa yfir 100 manns við þjálfun í sex deildum. Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur félagsins og hefur eftir fremsta megni reynt að

létta á störfum sjálfboðaliða félagsins. Faglegu starfi deilda er stýrt af stjórnnum þess og ráðum en þar situr frábært fólk sem vinnur óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Störf sjálfboðaliða og vinnutíma þeirra er vart hægt að mæla og félagið væri ekki rekið án þeirra. Við sendum þeim sérstakar þakkir fyrir frábær störf og gott samstarf.

Afrekssvið MK

Þetta var fjórða árið þar sem MK var með afrekssvið. Þar voru iðkendur úr félögum í Kópavogi sem gátu tekið aukaæfingar einu sinnu í viku undir handleiðslu þjálfara, bæði verklegar og bóklegar æfingar. Fjölmargir iðkendur HK voru hluti af hópnum líkt og undanfarin ár. Þá komu yfirþjálfarar handknattleiksdeildar og afreksþjálfarar knattspyrnudeildar að þjálfun innan afrekssviðs MK.

Heilsuefling eldri borgara

Þetta frábæra verkefni undir heitinu „Virgni og vellíðan“ fór í gang á árinu 2020 og er nú komið á fullt skrið eftir truflanir í byrjun vegna veirufaraldursins.

Íþróttahátíð HK

Íþróttahátíð HK 2022 var haldin hátíðleg þann 11. janúar 2023 í veislusal Kórsins þar sem fremsta íþróttafólk HK var heiðrað.

Íþróttarárið sem senn er að líða var lærdómsríkt og krefjandi en engu að síður unnust sætir sigrar og mikil afrek hjá íþróttafólkinu okkar á árinu.

Pétur Örn Magnússon, formaður HK setti hátíðina og ávarpaði íþróttafólk HK og aðra gesti. Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, varaformaður HK, veitti íþróttafólki HK viðurkenningar ásamt Pétri sem afhenti íþróttakonun- og manni HK eignar og farandbikar.





Í ár voru eftirfarandi heiðranir veittar þeim íþróttamönnum HK sem þóttu hafa skarað framúr á árinu og sem tilnefndir voru af félaginu og deildum til íþróttafólks Kópavogsbæjar í viðeigandi flokki.

Íþróttafólk HK 2022

Íþróttakona HK – Rósa Kristín Hafsteinsdóttir úr dansdeild HK.

Íþróttamaður HK – Aron Logi Hrannarsson úr dansdeild HK.



Lið ársins 2022 – 2. flokkur kvenna í fótbolta varð Íslandsmeistari í A-deild U20 ára og er titillinn sögulegur fyrir þær sakir að þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill félagsins í A-deild í 11 manna bolta kvenna.



Flokkur ársins 2022 – 3. flokkur kvenna í handbolta stóð sig frábærlega á tímabilinu. Stelpurnar töpuðu einungis tveimur leikjum allt tímabilið og stóðu uppi sem Íslandsmeistarar.

Á árinu 2022 voru eftirfarandi einstaklingar heiðraðir af deildum fyrir góðan árangur:

Blakkona og blakmaður ársins - Hanna María Friðriksdóttir og Valens Torfi Ingimundarson

Blakkona og blakmaður ársins í flokki ungmenna - Helena Einarsdóttir og Emil Diatlovic

Danskona og dansmaður ársins - Rósa Kristín Hafsteinsdóttir og Aron Logi Hrannarsson

Danskona og dansmaður ársins í flokki ungmenna - Eva Karen Ólafsdóttir og Guðjón Erik Óskarsson

Handknattleikskona og handknattleiksmaður ársins - Sóley Ívarsdóttir og Hjörtur Ingi Halldórsson

Handknattleiksskona og handknattleiksmaður ársins í flokki ungmenna - Rakel Dórothea Ágústsdóttir og Ágúst Guðmundsson

Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins - Henríetta Ágústsdóttir og Ívar Örn Jónsson

Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins í flokki ungmenna - Katrín Rósa Egilsdóttir og Karl Ágúst Karlsson

Borðtennismaður ársins - Björgvin Ingi Ólafsson

Borðtennismaður ársins í flokki ungmenna - Darian Adam Róbertsson

Bandýmanneskja ársins - Katrín Magdalena Haig Konráðsdóttir

Innilega til hamingju kæra íþróttafólk HK – framtíðin er sannarlega ykkar!





SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Guðjón Björnsson	Formaður
Daníel Berg Grétarsson	Varaformaður
Friðrika Alda Sigvaldadóttir	Meðstjórnandi / fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna
Valdís Arnarsdóttir	Meðstjórnandi / fulltrúi meistaraflokksráðs karla
Erla Hanna Hannesdóttir	fulltrúi barna- og unglingaráðs

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna spilaði í Olísdeildinni og enduðu stelpurnar í 8. sæti nú í vor sem þýðir fall og munu leika í Grill 66 deildinni á næsta tímabili.

Liðið fór inn í tímabilið með frekar lítinn kjarna af reyndari leikmönnum sem átti að bera þungann af verkefninu og yngri leikmenn sem áttu að vera í aukahlutverkum. Meiðsli herjuðu á marga af reyndari leikmönnum liðsins og því þurftu yngri leikmenn að stíga inn í hlutverk sem þeir voru ekki alveg tilbúnir í. Mikill lærdómur fyrir alla.

Eftir tímabilið lét Samúel Ívar Árnason af störfum og hefur Hilmar Guðlaugsson hefur verið ráðinn þjálfari liðsins til næstu ára og mun stjórna þeirri uppbyggingu sem nú hefst.

Meistaraflokkur karla

Karlaliðið spilaði í Grill 66 deildinni og voru strákarnir búnir að tryggja sér sigur í henni þegar nokkrar umferðir voru eftir. Liðið tapaði ekki leik

og fer þar af leiðandi beint upp í Olísdeildina tímabilið 2023-24.



Við teljum leikmannahópin okkar vera kominn með nægilega reynslu og gæði til að halda sér í deild þeirra bestu á næsta tímabili en það verður tíminn þó að leiða í ljós. Sem fyrr þá förum við varlega á leikmannamarkaðnum en erum opin fyrir réttum styrkingum bjóðist þær. Nægur efniviður þykir vera til staðar í yngri flokkunum til að byggja á.

Sebastían Alexandersson og Guðfinnur Kristmannsson hafa þjálfað liðið ásamt ungmennaliðinu undanfarin tvö tímabil og er mikil ánægja með þeirra störf og stendur til að reyna að framlengja þeirra samninga.

Ungmennalið

HK tefldi fram ungmennaliði bæði karla- og kvennamegin tímabilið 2022-23.

Ungmennalið karla spilaði í 2. deild og vann hana nokkuð sannfærandi með 16 sigra og 1 tap í 18 leikjum. Á næsta tímabili mun HK í fyrsta skipti tefla fram liðum í tveimur efstu deildum Íslandsmótsins.

Ungmennalið kvenna spilaði í Grill 66 deildinni og unnu 3 leiki af 16. Þar voru margar stelpur að stíga sín fyrstu skref og margar hverjar enn á grunnskólaaldri sem er ekki ákjósanlegt. Vegna meiðsla margra leikmanna mfl.kvenna þá þurfti að sækja leikmenn í ungmennaliðið og þ.a.l. enn yngri leikmenn sem þurftu að spila fyrir ungmennaliðið.

Önnur mál

Fjármálin hafa verið í ágætum farvegi, við höfum passað að fara ekki fram úr okkur. Í þessu eins og öðru þá er kostnaður alltaf að verða meiri og meiri og lausafjárstaða deildarinnar orðin veik. Markmið nýrrar stjórnar er að styrkja fjárhaginn til muna.

Eins og fyrri ár þá voru leikmenn að renna út á samningum og var farið í að semja við

leikmennina. Gekk það ágætlega karlamegin en kvennamegin var mikill flótti sökum þess að við förum niður um deild.



Á síðasta aðalfundi deildarinnar í mars 2023 urðu miklar breytingar í stjórn og komu 8 nýir aðilar inn í stjórnina og telur stjórnin nú 9 manns sem er frábært enda verið fámennnt undanfarin ár.

Handknattleiksdeildin er virkilega þakklát öllum sjálfboðaliðunum sem gefa tíma sinn til félagsins hvort sem það er í stjórn, ráðum eða á heimaleikjum. Leikmenn og þjálfarar hafa verið til fyrirmyndar þegar kemur að fjáröflunum og öðrum stuðningi við félagið.

Umgjörð félagsins er til fyrirmyndar og skorum við alltaf hæstu einkunn hjá HSÍ. Ef ekki væri fyrir fórnfýsi hjá fólkinu okkar þá væri umgjörðin ekki eins góð og raun ber vitni. Það sem fólkið okkar kemur að eru fjáraflanir, samfélagsmiðlar, ritara- og tímavarðastörf, streymið, kynnar á leikjum, uppsetning á búnaði fyrir leik og frágangur eftir leik ásamt öllu mögulegu.

Þetta starf er ómetanlegt fyrir félagið okkar HK.

Fyrir hönd stjórnar,

Daníel Berg Grétarsson

Formaður handknattleiksdeildar

SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Stjórn Barna- og unglíngaráðs á starfsárinu:

Erla Hanna Hannesdóttir	Formaður
Þorbergur Skagfjörð Ólafsson	Varaformaður
Sígurborg Kristinsdóttir	Gjaldkeri
Sindri Sveinsson	Ritari
Auður Arna Antonsdóttir	Meðstjórnandi
Erlingur Snær Erlingsson	Meðstjórnandi
Sonja Steinarsdóttir	Meðstjórnandi

Árið 2022 gekk vel hjá yngri flokkum HK. Við höfðum úrval og góðum þjálfurum og einnig stóran hóp af ungum og efnilegum aðstoðarþjálfurum sem eru líka flottar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendum okkar. BUR er virkilega ánægt með þennan hóp og þakkar þeim öllum fyrir gott samstarf.

Starfsemi yngri flokka HK er iðkuð á þremur stöðum, á Kársnesi, í Digranesi og svo í okkar stóru flottu aðstöðu í Kórnum. Iðkendum eru orðnir yfir 600 talsins og stefna okkar er að fjölga þeim á næstu árum þótt við séum nú þegar ein stærsta deildin á landinu.

Hlutverk félagsins og okkar er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi og að allir iðkendum fái að njóta sín og fái verkefni við hæfi.

Undanfarið hefur verið unnið sérstaklega vel að því að skipuleggja séræfingar svo sem styrktaræfingar, markmannsæfingar og afreksæfingar fyrir þá sem vilja æfa meira en æfingataflan segir til um. HK getur státað sig af velgengni einstakra flokka ásamt því að eiga fulltrúa í flestum yngri landsliðum og erum við virkilega stolt af iðkendum okkar.

Rekstur barna- og unglíngaráðs gekk vel og héldum við okkur réttu megin við núllið, sem við erum að sjálfsögðu stolt af, því ekki hefur verið auðvelt að fá styrki inn eins og við hefðum óskað okkur.



Barna- og unglíngaráð HK hélt fjögur mót fyrir yngri flokka á síðasta tímabili. Ráðið stóð sig með þryði á þessum mótum, þar sem við stóðum bæði vaktir í sjoppu sem og aðstoðuðum við mótastjórn. Við erum heppin með iðkendum í efstu flokkum félagsins sem allir eru tilbúnir að taka að sér dómgæslu og tímavörslu þegar óskað er eftir. Eins hefur stór hópur stelpna í 5. flokki ávallt verið tilbúinn að hjálpa til í sjoppunni sem kemur sér vel. Við teljum okkur vera lánsöm hér hjá HK að hafa úrvals iðkendum og foreldra sem tilbúnir eru að taka þátt í starfinu með okkur.

Að lokum vill Barna- og unglíngaráð þakka iðkendum, foreldrum, þjálfurum og skrifstofu HK fyrir gott samstarf á þessu starfsári.

Fyrir hönd Barna- og unglíngaráðs,
Erla Hanna Hannesdóttir
Formaður





SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Hjörtur Þór Steindórsson	formaður	Kristján Jakobsson	gjaldkeri
Davíð Freyr Albertsson	varaformaður	Ólafur Karl Eyjólfsson	ritari
Hilmar Rafn Kristinsson	meðstjórnandi	Frosti Reyur Rúnarsson	fv. formaður
Þorsteinn Yngvason	meðstjórnandi	Kristófer Þór Pálsson	fv. gjaldkeri
Eiríkur Önundarson	meðstjórnandi		
Brynjar Þór Kristófersson	meðstjórnandi		

Fulltrúar ráða:

Baldur Már Bragason	formaður meistaraflokksráðs karla
María Rúnarsdóttir	fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna
Sigurður Flosason	formaður barna og unglingsráðs

Árið 2022 var viðburðarríkt, krefjandi en um leið skemmtilegt innan knattspyrnudeildarinnar. Iðkenda fjöldi deildarinnar er mikill, bæði hjá stelpum og stráku, en gaman er að segja frá því að aukning hefur verið í iðkenda fjölda stelpna sl. árin sem er vel. Spennandi tímar framundan hjá okkar fjölmörgu iðkendum.

Innan deildarinnar er mikilvægt að horfa til þess að stefna á að gera betur í dag en í gær. Þannig höldum við áfram að byggja upp öflugt starf innan okkar raða. Við þurfum stöðugt að leita

leiða til að bæta okkar starf í barna- og unglingsstarfinu sem og í meistaraflokkum HK. Fótþolti fyrir alla hefur verið leiðarljósið en auðvitað felst í því líka að iðkendur okkar fái verkefni við hæfi til að fullnýta sína hæfileika.

Meistaraflokkar félagsins voru þetta árið báðir í næst efstu deild, Lengjudeildinni. Góður árangur náðist með meistaraflokk kvenna en því miður náðu þær ekki að tryggja sér sæti í Bestu deildinni þrátt fyrir flott tímabil. Þær enduðu í fjórða sæti og munaði ekki miklu að þær kæmust upp. Mikill metnaður liggur í starfi meistaraflokks kvenna og



er stefnan sett á sæti í Bestu deild kvenna innan tíðar.

Meistaraflokkur karla gerði gott mót eftir mikil vonbrigði sumarið áður er það féll úr efstu deild. Liðið tryggði sér sæti í Bestu deildinni á ný með því að taka annað sætið í Lengjudeildinni. Brynjar Björn Gunnarsson hvarf á braut í byrjun móts til að taka við liði Örgryte í næst efstu deild í Svíþjóð og þökkum við honum fyrir gott starf í þágu félagsins sl. árin. Aðstoðarþjálfari Brynjars, hinn uppaldi HK-ingur Ómar Ingi Guðmundsson, tók svo við liðinu og stýrði því við góðan orðstír út tímabilið. Ómar og hans teymi halda áfram með liðið og eru að undirbúa það af kappi fyrir komandi tímabil. Mikil eftirvænting ríkir í herbúðum liðsins fyrir komandi tímabil í Bestu deildinni.

Það er mikilvægt fyrir metnaðarfullan klúbb eins og HK að eiga sterkar fyrirmyndir í efstu deildum karla og kvenna. Við eigum að hugsa stórt og stefna að því að festa okkur í sessi í efstu deild til lengri tíma. Okkar fjölmörgu ungu og efnilegu iðkendur sem hafa áhuga á því að stunda þessa íþrótt þurfa að geta stefnt að því að spila fyrir hönd HK á meðal þeirra bestu á Íslandi.

Við erum með frábæra sjálfboðaliða innan okkar raða. Allt stjórnarfolk í knattspyrnudeild og barna- og unglingaráði, meistaraflokksráði karla og kvenna, allir þeir sjálfboðaliðar sem koma að öllum okkar leikjum ár eftir ár, sem m.a. eru í liðsstjórn eða sjá um framkvæmd leikjanna, aðilar sem koma að þeim mótum sem við höldum fyrir yngri flokka, s.s. Krónumótið og Auðarmótið; þetta fólk er sannarlega lífæð í rekstri félagsins.

Uppbygging íþróttastarfs gengur ekki án þess að eiga góða að. Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í öllu okkar starfi. Hjá okkur er fólk að gefa af sér margar klukkustundir í kringum einstaka viðburði eða jafnvel daga í kringum fótboltamót eða upp í tugi klukkustunda á viku flestar vikur

ársins. Það er mjög mikilvægt fyrir knattspyrnudeild eins og okkar að fá þennan stuðning en að því sögðu þá er ljóst að þetta framlag er líka gefandi fyrir sjálfboðaliðana. Fólk finnst það skila starfi til samfélagsins til að láta það ganga. Reynsla og þekking hvers og eins getur nýst félagi eins og HK og verið mjög dýrmæt inn í þann rekstur. Við viljum að okkar sjálfboðaliðum líði vel, þetta sé sameiginlegt og skemmtilegt ferðalag. En lengi má gott gera betur. Tökum þátt í því að fjölga sjálfboðaliðum innan okkar raða. Það eru fjölmörg störf sem fleiri hendur gætu unnið betur en einnig vantar sjálfboðaliða til að sinna hinum ýmsu störfum á ólíkum vígstöðvum innan okkar raða.



Á svona tímamótum er mikilvægt að minnast á þá einstöku stöðu sem að HK er í, en hér er allt til alls til að skara fram úr. HK er með iðkendafjölda sem flest önnur félög öfunda, hér starfa öflugir og vel menntaðir þjálfarar og hér er ein besta aðstaða landsins til knattspyrnuíðkunar þótt víða væri leitað. Þessu til viðbótar, þá mun hér á svæðinu okkar rísa myndarleg stúka á næstu árum sem mun gefa okkar starfi byr undir báða vængi. Sagt er að þú ert það sem þú hugsar – því segi ég eins og forveri minn í starfi: „hugsum stórt og förum með HK þangað sem hugur okkar dreymir“. Tækifærin eru sannarlega okkar og framtíðin björt.



Ég vil þakka Kópavogsbæ, KSÍ, aðalstjórn og öllu starfsfólki HK fyrir gott samstarf og stuðning, meðstjórnendum mínum í stjórninni fyrir samstarfið en stjórn knattspyrnudeildar HK tekur virkan þátt í verkefnum deildarinnar sem er mjög mikilvægt. Mig langar sérstaklega að þakka tveimur öflugum aðilum sérstaklega fyrir vel unnin störf sl. árin. Þeir eru Frosti Reyrrúnarsson, fyrrverandi formaður stjórnar, og Kristófer Pálsson, fyrrverandi gjaldkeri, sem luku sínum formlegu störfum í þágu knattspyrnudeildar í lok árs 2022. Við þökkum þeim báðum fyrir tímann sem þeir vorðu til að styrkja stoðir deildarinnar sem og þrautseigjuna og eldmóðinn sem þeir komu með í starf sitt á degi hverjum.

Stjórn barna- og unglíngaráðs fær einnig þakki fyrir mjög gott samstarf á árinu og vil ég nýta tækifærið til að bjóða velkomna þar inn Írisi Hrund Þorsteinsdóttur.



Einnig vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til þjálfara og þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem hafa unnið fyrir deildina á árinu. Síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa lagt deildinni lið á árinu, en framlag þeirra er lykilatriði í rekstri knattspyrnudeildarinnar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir stuðninginn.

Sjáumst á vellinum – og áfram HK!

Fyrir hönd stjórnar,
Hjörtur Þór Steindórsson
Formaður knattspyrnudeildar HK

SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR

Stjórn Barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar skipuðu á starfsárinu:

Sigurður Garðar Flosason Formaður
Á. Örvar Jónsson Meðstjórnandi
Þorvar Hafsteinsson Meðstjórnandi

Sigurros L. Grétarsdóttir Meðstjórnandi
Íris Hrund Þorsteinsdóttir Meðstjórnandi

Árið 2022 var að stóru leyti markað af þeirri staðreynd að yfirþjálfari yngri flokka HK tók að sér þjálfun meistaraflokks karla. Stjórn B&U ákvað á þeim tímamótum að farsælast væri fyrir deildina að nýta þá starfskrafta sem fyrir voru og skapa ráðrúm til að horfa til framtíðar og leita lausna sem styrkja munu deildina og starf B&U til lengri tíma. Ragnar Gíslason, Milena Pesic og Axel Lúðvíksson voru ráðin sem yfirþjálfarar og skipta þau starfinu á milli sín til bráðabirgða.

Fjárhagsstaða B&U er á fínnum stað og hefur sú vinna sem ráðið hefur farið í undanfarin ár skilað okkur á þann stað sem hún er í dag. Hefur hún gefið okkur ráðrúm og tækifæri til þeirra athafna sem við teljum að þurfi til að efla starfið.

Æfingagjöld voru ekki hækkuð á árinu umfram verðlagshækkun, þrátt fyrir að ýmis viðbótarkostnaður væri fyrirsjáanlegur vegna breytinga á stöðu yfirþjálfara. Árið sem við gerum nú upp hefur verið mjög annasamt og miklar hrókeringar átt sér stað við niðurröðun þjálfara á flokka. Vinnan reyndi mikið á ráðið og var mun tímafrekari en æskilegt getur talist.



B&U tók upp á þeirri nýbreytni á vordögum 2022 að bjóða þjálfurum og stjórnarmönnum

knattspyrnudeildar til málsverðar, með það að markmiði að þétta hópinn og efla liðsanda. Þetta mæltist vel fyrir og má gera ráð fyrir því að uppkoma sem þessi verði fastur liður í starfi deildarinnar.

Í desember stóð ráðið fyrir þjálfaradegi þar sem haldnir voru fyrirlestrar og áherslur ráðsins kynntar. Þjálfarar settust síðan niður í vinnuhópa þar sem farið var yfir starfið og áherslur. Deginum lauk með málsverði og heppnaðist dagurinn mjög vel.



Hópurinn sem skipar B&U hefur verið samhentur og samstarfið með besta móti. Núverandi ráð hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram. Við viljum samt taka fram að við fögnum öllum nýjum meðlimum og hvetjum því hér með HK-inga að taka þátt í þessu skemmtilega starfi.

Fyrir hönd B&U vil ég að lokum þakka öllum; starfsfólki, þjálfurum, iðkendum og foreldrum fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég horfi með mikilli tilhlökkun til samstarfsins í B&U á því tímabili sem framundan er.

Fyrir hönd barna og unglingaráðs,
Sigurður Garðar Flosason
Formaður





SKÝRSLA BLAKDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

María Guðmundsdóttir	Gjaldkeri
Ásta Birna Björnsdóttir	Ritari
Arnar Birkir Björnsson	Meðstjórnandi
Laufey Björk Sigumundsd.	Meðstjórnandi
Lúðvík Már Matthíasson	Meðstjórnandi

Anna Kristjánsdóttir	Meðstjórnandi
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	Meðstjórnandi
Egill Júlíusson	Meðstjórnandi
Kristján W.Óskarsson	Meðstjórnandi
Rakel Ármannsdóttir	Meðstjórnandi

Það urðu miklar og stórar breytingar í blakdeildinni árið 2022. Við misstum út formann blakdeildarinnar og formann barna- og unglingaráðs á sama tíma, sem og marga þjálfara, sem hafa stýrt stórum hluta af starfi deildarinnar um langt skeið. Það reyndi því töluvert á nýja stjórn að koma hlutum í góðan farveg, ráða inn nýja og gamla þjálfara og reyna að leysa hin ýmsu mál.

Aðstaða

Starf meistaraflokkanna hefur færst að stórum hluta upp í Digranes sem er gríðarlega gott blakhús og gerir meistaraflokkunum kleift að æfa við topp aðstæður. Í haust var borað fyrir tveimur völlum þvert á húsið, sem gerir það að verkum að hægt er að æfa á tveimur rúmgóðum völlum í einu, sem uppfylla allar kröfur, gott rými í kringum vellina og mjög hátt til lofts. Með þessu geta meistaraflokkarnir æft samtímis og hægt er að nýta húsið mjög vel. Sömu leiðis er mjög mikill kostur að það er lyftingaraðstaða í húsinu en við höfum samið við kraftlyftingadeild Breiðabliks í

vetur um afnot af þeirra aðstöðu.

Einnig fer mikið af starfinu fram í Fagralundi og megum við alls ekki við því að missa tíma þar en allir yngri flokkarnir okkar æfa þar ásamt flestum æfingum neðri deilds. Við erum enn og aftur með þann lúxusvanda að vera búin að sprengja utan af okkur plássið og tímana í flestóllum flokkum vegna mikillar aðsóknar í blak. Blakdeild HK hefur verið að taka vel á móti nýjum iðkendum á öllum aldri í starfið og hefur það skilað sér í mikilli fjölgun í deildinni og erum við stolt af þessum hluta starfseminnar. Það er ekki eingöngu einblínt á afreksstarf heldur einnig verið að gefa fólki kost á að stunda íþróttina með lýðheilsuáhrifum í huga.

Heimaleikir

Heimaleikir úrvalsdeildanna eru spilaðir í Digranesi en heimaleikir 1. deildar-liðanna og U20 deildar karla í Fagralundi. Reynt var að setja töflurnar upp þannig að leiktímar liðanna sem eru að keppa mest séu innan þeirra æfingatíma og hefur munað miklu um það í vetur að ekki



hefur þurft að fella niður eins mikið af æfingum hjá öðrum liðum. En betur má ef duga skal og tökum við lærdóminn áfram og stefnum á að gera enn betur næsta vetur því við erum með gríðarlega mörg keppnisið.

Íslandsmót Blaksambands Íslands 2021-2022

Blakdeild HK átti alls 16 lið á Íslandsmóti BLÍ tímabilið 2021-2022 og fjölgaði þar af leiðandi um eitt lið frá því árinu áður. Tvö lið kepptu í úrvalsdeild, karla- og kvennalið. Þrjú lið kepptu í 1. deildum karla og kvenna, þrjú lið kepptu í neðri deildum karla og átta lið í neðri deildum kvenna. Úrvalsdeildarlið karla var í 2. sæti í deildarkeppni BLÍ og sömuleiðis í 2. sæti í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn. Lið HK vann 1. deild kvenna og HK varð Íslandsmeistari í 2. og 5. deild kvenna, sem og í 3. deild karla.

Mótahald HK

Mótahald HK er gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir allt starf innan blakdeildarinnar en auk mótanna tekur deildin þó þátt í margvíslegum fjáröflunum. Árið hófst á HK trimm í janúar 2022, í fyrsta sinn aftur eftir að allt mótahald raskaðist. Hæst ber að nefna að 28.-30. apríl var svo komið að HK að halda öldungamótið í Kórnum, eftir níu ára bið frá síðasta öldungamóti HK. Mótið fékk nafnið Stuðboltinn og var það haldið allt undir einu þaki í Kórnum ásamt kvöldskemmtunum og lokahófi. Það tókst heldur betur vel til og almenn ánægja var með mótið og mikil gleði enda var það einstaklega langþráð eftir samgöngutakmarkanir liðinna ára. 137 lið skráðu sig til leiks og skemmtu sér saman og skilaði þetta töluverðum tekjum fyrir deildina sem auðveldar reksturinn. Í nóvember var svo haldin túrningur á þremur völlum í Fagralundi, þar sem 5.-6. deild kvenna spilaði þriðjung af sínu Íslandsmóti.

Þjálfaramál

Massimo Pistoia er hálfnaður með samningstímenn sinn en hann var ráðinn til þriggja ára sem þjálfari meistaraflokks karla og gildir samningurinn hans út vorið 2024. Hann er einnig að þjálfa U16-U20 karla. Emil Gunnarsson kláraði að fylgja meistaraflokki kvenna út tímabilið 2021-2022 og stefndi á að hætta með liðið að vori. Ráðist var í það að leita að erlendum

þjálfara, sem tók tímenn sinn, en að lokum fengum við kólumbískan þjálfara sem var starfandi í Perú, Bryan Silva Grisales, til liðs við okkur. Þetta tók þó tímenn sinn og var hann ekki kominn til starfa fyrr en um miðjan október svo



Emil hélt áfram með liðið sem aðalþjálfari þar til Bryan var búinn að komast vel inn í starfið. Eftir það var Emil honum til aðstoðar og Bryan tók við. Bryan er sömuleiðis að þjálfa U16 kvenna, U14 stráka og U12. Emil er að þjálfa U14 og U16 stelpur. Bjarki Benediktsson er að þjálfa U18 stelpur og eru þær komnar með lið í 1. deild sem gefur þeim frábær tækifæri til að vaxa og fá nægan spiltíma. Hann er einnig að þjálfa í neðri deildum ásamt Mateusz Klóska, sem er sömuleiðis með 1. deildarlið Ýmis. Við erum einnig með marga fleiri þjálfara sem koma að þjálfun mismunandi flokka.

Strandblak og strandblaksaðstaða í Fagralundi

Mikil ánægja er með strandblaksvellina og aðstöðuna í Fagralundi og hafa vellirnir, sem var fjölgað og betrubættir sumarið 2021, verið vel nýttir. HK sótti þó ekki um að halda nein mót síðastliðið sumar og ekki voru haldin nema tvö mót á þessum völlum. Til stóð að þau væru fleiri en ekki var unnt að halda fleiri mót vegna vöntunar á klósettaðstöðu. Önnur lið hugðust halda mót og voru ekki búin að hugsa út í það nægjanlega tímanlega að sækja þyrfti um til Kópavogsbæjar að útvega starfsmenn gegn greiðslu. Það myndi því bæta aðstöðuna verulega mikið að fá rennandi vatn og klósettaðstöðu við vellina. Margir iðkendur í strandblaki eru úr HK og eru núverandi Íslandsmeistarar Hjördís Eiríksdóttir, sem spilaði síðast með HK, og Elísabet Einarsdóttir, sem er fæddur og uppalinn HK-ingur.



Leikmannamál

Það hefur verið ákveðin endurnýjun í leikmannahópum úrvalsdeildarliða HK, sem venjulega hafa verið í fremstu röð, en aðeins hefur hallað á það síðustu misseri. Hins vegar eru ungir leikmenn að stíga upp og öðlast reynslu og er framtíðin björt.

Hollvinir blakdeildar HK - HK blakarar

Áfram var hægt að vera Hollvinur blakdeildar HK í gegnum Sportablar og færum við þeim öllum hjartans þakkir fyrir stuðninginn. Markmiðið er að efla og styðja við allt starf innan blakdeildar HK en þó sérstaklega við meistaraflokka og barna- og unglíngastarf.

Að lokum

Eins og áður er öll starfsemi blakdeildar HK byggð á sjálfboðaliðastarfi og í ljósi gríðarlega mikillar starfsemi deildarinnar hefur það verið ansi umfangsmikið starf sem reynt hefur mikið á þá sem hafa tekið að sér störf. Við erum í stöðugri



endurskoðun á því hvernig við getum gert þetta betur og dreift álagi en við viljum þakka innilega öllum þeim sem komið hafa að starfinu. Án þeirra væri deildin ekki starfhæf eins og staðan er núna.

Fyrir hönd stjórnar,
Laufey Björk Sigmundsdóttir
Meðstjórnandi

SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR

Stjórn Barna- og unglingaráðs var skipuð þannig á starfsárinu:

Birna Ingaðóttir	Gjaldkeri	Bylgja Ólafsdóttir	Meðstjórnandi
Þóra Matthildur Þórðardóttir	Meðstjórnandi	Rósa Friðriksdóttir	Meðstjórnandi
Jóhann Sigurðsson	Meðstjórnandi	Hulda Björgvinsdóttir	Meðstjórnandi
Natalia Ravva	Meðstjórnandi		
Sigurbjörg Jóna Ludvigsd.	Meðstjórnandi		

Í vor hætti Halldór Elvarsson sem formaður barna- og unglingaráðs til margra ára og kunnum við honum okkar bestu þakkir fyrir mjög farsælt og óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar. Það starf hefur einmitt skilað félaginu metfjölda iðkenda. Í gegnum árin hefur iðkendafjöldi deildarinnar ekki reynst nógu mikill til að manna elstu flokkana. En nú í vor blasti það við að stór hópur unglinga væri að koma upp úr þeim flokkum sem félagið var með og í stað þess að iðkendur annaðhvort hættu eða fóru í meistaraflokk eins og áður var þá höfðu allir kost á að halda áfram. Stofnaður var U18 hópur stúlkna og U18/20 hópur pílta. U18 hópur stúlkna hélt áfram með liðið sitt sem komið var upp í 4. deild ásamt því að vera með lið í 1. deild. U20 hópur pílta spilar í 2. deild eftir að hafa tekið sæti HK B. Sá hópur er einnig með tvö lið í flokki U20 á Íslandsmóti. Aðrir flokkar, U16 og yngri taka þátt í Íslandsmótum sem spilað er í tveimur hlutum og allir flokkar nema U12 taka þátt í Bikarmóti. Bikarmót BLÍ var haldið á Akureyri í febrúar. Seinni hluti Íslandsmóts fyrir tímabilið 2021-2022 fór fram á Neskaupstað í maí. Fyrri hluti Íslandsmóts fyrir tímabilið 2022-2023 fór fram hjá Aftureldingu í lok október.

Aðstaða

Starfsemi yngra flokka fer að mestu leyti fram í Fagralundi þar sem hægt er að setja upp þrjá velli en hjá elstu hópunum er hluti æfinganna í Digranesi sem býður upp á fjóra velli. Heimaleikir yngri flokka, U18/20 hópa eru allir spilaðir í Fagralundi.

Þjálfarar

Miklar breytingar hafa orðið á þjálfarahópnum á árinu. Tihomir Paunovski sem hafði þjálfað U16 hóp stúlkna til tveggja ára á krefjandi tímum covid faraldurs fór til annarra starfa. Natalia Ravva sem hafði verið þjálfari yngri flokka til margra ára og lykilmanneskja í starfinu sneri sér einnig að öðrum verkefnum. Því þurfti að finna þjálfara fyrir allar stúlkur 16 ára og yngri og pílta 14 ára og yngri. Nýr þjálfari yngri flokka var ráðinn til starfa í framhaldinu, Bryan Silva. Bryan kom ekki til landsins fyrr en eftir að tímabilið byrjaði og því reyndist haustið erfiður tími. En með aðstoð eldri iðkenda og Emils Gunnarssonar náðist að brúa bilið. Í framhaldinu var samið við Emil, sem áður þjálfaði meistaraflokk kvenna um að koma inn í yngri flokkana og var það mikill styrkur fyrir starfið að fá svo reyndan þjálfara í teymið. Massimo Pistoia sem jafnframt er þjálfari meistaraflokks karla hélt áfram þjálfun U18/20 pílta og Bjarki Benediktsson var ráðinn þjálfari U18 stúlkna. Þeim til stuðnings eru aðstoðarþjálfarar sem koma m.a. úr hópi iðkenda.



Við erum mjög stolt af reynslumiklum og kröftugum hópi þjálfara sem leggja grunninn að góðu og faglegu starfi.

Iðkendur

Hópur iðkenda stækkar jafnt og þétt og starfið því sífellt í mótun. Nýir iðkendur eru að bætast við allt tímabilið og fylgir því ákveðin áskorun því erfitt er að taka nýja krakka beint inn í æfingahópana sem eru fyrir. Þeir sem eru að byrja fara því fyrst inn í byrjendahóp og í framhaldinu eru þeir færðir í hóp sem hentar aldri og getu.



Strandblak

Fyrri hluta sumars var boðið upp á strandblaksnámskeið á völlum við Fagralund, gaman er að geta nýtt þessa frábæru aðstöðu fyrir krakkana og erum við með hugmyndir um að tengja strandblakið betur við innblakið þegar því lýkur á vorin.

Að lokum

Við höfum trú á því að öflugt starf yngri flokka gegni ekki bara því hlutverki að styðja við meistaraflokkana heldur sé ekki síður mikilvægt fyrir samfélagið að börn og unglingar stundi íþróttir og að þau geri það að lífsstíl sínum, hætti ekki eins og oft gerist þegar líður á unglingsárin. Blak er íþrótt sem hægt er að stunda alla ævi og ekki þörf á að byrja að æfa hana mjög snemma til að ná góðum árangri. Mjög heppilegt er í raun að fá krakka inn eftir 10 ára aldur og því væri ekki vitlaust að beina þeim krökkum sem vilja prófa aðrar íþróttir til blakdeildarinnar.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs,
Hulda Björgvinsdóttir



SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Örn Þórðarson
Reynir Georgsson
Victor Berzoi

formaður
ritari
gjaldkeri

Björn Gunnarsson
Bjarni Bjarnason

meðstjórnandi
meðstjórnandi

Á tímabilinu æfði góður hópur barna og unglinga auk fullorðinna hjá borðtennisdeild HK. Nokkrar truflanir urðu á starfinu vegna COVID faraldsins en þó gekk mun betur að halda starfinu gangandi en árið áður.

Þokkalega gekk að fá iðkendur til baka eftir faraldurinn þó eitthvað brottfall hafi gert vart við sig í hópnum.

Íslandsmót í liðakeppni

HK tefldi fram fjórum liðum í deildarkeppnum þetta keppnistímabilið.

Í efstu deild, Keldudeildinni, lék A lið HK. A liðið lenti í 4. sæti í Keldudeildinni og komst áfram í úrslitakeppni BTI. Liðið sló út deildarmeistara Víkings í undanúrslitum og lék til úrslita við lið KR þar sem KR-ingar báru sigur út bótum. HK-A hlaut því silfurverðlaun á Íslandsmótinu í liðakeppni 2022 sem er besti árangur félagsins hingað til. A-

lið HK skipuðu þeir Björn Gunnarsson, Óskar Agnarsson og Bjarni Bjarnason.

B-lið HK varð deildarmeistari í 2. deild og endaði í öðru sæti í úrslitakeppni deildarinnar. B-liðið lék svo við BH-B um sæti í efstu deild er varð þar að lúta í gras. B-lið HK skipuðu þeir Örn Þórðarson, Reynir Georgsson og Victor Berzoi. C-lið HK lék einnig í 2. deild, C-liðið lenti í þriðja sæti í deildarkeppninni og féll út í undanúrslitum úrslitakeppninnar þar sem það lék gegn B-liði Víkings. C-liðið skipuðu þeir Amid Deryad, Björgvin Ingi Ólafsson og Hákon Atli Bjarkason.

D-lið HK lék svo í nýstofnaðri þriðju deild. Þriðja deildin var leikin svæðaskipt og varð D-liðið naumlega af sæti í úrslitakeppni eftir harða baráttu við BR. D-lið HK skipuðu Sigurjón



Ólafsson, Elís Elísson, Magnús Guðjónsson og Darian Adam Róbertsson.

Íslandsmót unglinga

Íslandsmót unglinga var haldið í mars og uppskáru HK-ingar tvo Íslandsmeistara:

Björgvin Ingi Ólafsson flokkur 15-17 ára í einliðaleik og að auki verð hann einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik ásamt liðsfélaga sínum, Darian Adam Róbertsyni.



Íslandsmót fatlaðra

Keppni fór fram á Íslandsmóti fatlaðra fyrstu helgina í mars og náðu HK-ingar frábærum árangri þar en félagið sendi þrjá keppendur sem allir urðu íslandsmeistarar í sínum flokkum:

Hákon Atli Bjarkason: sitjandi flokkur karla, opinn flokkur karla, tvíliðaleikur karla sitjandi, tvíliðaleikur opinn flokkur.

Björgvin Ingi Ólafsson: standandi flokkur karla, tvíliðaleikur karla.

Magnús Guðjónsson: flokkur 11.



Íslandsmót fullorðinna

Keppni fór fram á Íslandsmótinu fyrstu helgina í mars. Þar náðist prýðilegur árangur og má þar helst tiltaka að Reynir Georgsson og Victor Berzoi fengu 3-4 verðlaun í 2. flokki karla og Björgvin Ólafsson fékk brons í 1. flokki karla.

HK átti fjölmarga keppendur á mótinu og stóðu þeir sig allir með sóma.

Íslandsmót öldunga

Íslandsmót öldunga fór fram í lok febrúar og náðu HK-ingar fínun úrslitum þar og eignuðust nokkra Íslandsmeistara:

Örn Þórðarson: einliðaleikur 40-49 ára og tvíliðaleikur 40-49 ára

Reynir Georgsson: tvíliðaleikur 40-49

Bjarni Þorgeir Bjarnason: einliðaleikur og tvíliðaleikur 50-59

Auk þess sem hér er að framan talið unnust fjölmörg silfur og bronsverðlaun á Íslandsmótum tímabilsins og má segja að tímabilið sé eitt það besta frá upphafi hvað verðlaun á Íslandsmótum varðar.

Landslið

Björgvin Ingi Ólafsson og Hákon Atli Bjarkason tóku þátt í verkefnum á vegum ÍF og stóðu sig vel.

Óskar Agnarsson og Björn Gunnarsson voru valdir í æfingahóp karlalandsliðsins í Borðtennis og tóku þátt í landsliðsverkefnum á tímabilinu.

Aðstaða borðtennisdeildar

Eftir langa bið voru gerðar nokkrar endurbætur á æfingaaðstöðu borðtennisdeildar en aðstaðan í Snælandsskóla hefur ekki þótt henta nógu vel til borðtennisiðkunar. Í fyrsta lagi var aðstaðan merkt deildinni að utan þannig að nýir iðkendur ásamt gestum eiga auðveldara með að finna aðstöðuna. Einnig var salurinn málaður í litum sem henta borðtennis og skipt var um filmur í gluggum og voru allar þessar aðgerðir til verulegra bóta.

Stjórn Borðtennisdeildar HK





SKÝRSLA DANSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Ólafur Már Hreinsson	Formaður
Heiðrún S. Níelsdóttir	Varaformaður
Björg Guðjónsdóttir	Meðstjórnandi
Haukur Ragnarsson	Meðstjórnandi

Áróra Kristín Sigvaldadóttir Meðstjórnandi

Síðasta starfsár var fjórtánda heila árið í starfi Dansdeildar HK og gekk það mjög vel.

Pör frá dansdeildinni tóku þátt í öllum mótum sem völ var á hér á landi og erlendis.

Á síðasta starfsári var haldið áfram með það fyrirkomulag að Adam og Karen Reeve kenndu tvisvar sinnum í viku.

Haustið 2020 þurfti deildin að færa sig frá veislusalnum í Fagralundi yfir í Digranes vegna mikilla þrengsla í Snælandsskóla. Sú tilfærsla átti aðeins að vara í eitt ár en nú erum við á þriðja árinu í Digranesi. Aðstaðan þar er alveg sprungin miðað við núverandi iðkendafjölda og samsetningu hópsins. Við höfum því verið að ýta á Kópavogsbæ að standa við loforð sitt um að tilfærslan í Digranes væri aðeins tímabundin og vonum við að lausn í málinu komi fyrir en síðar.



Æfingagjöldum deildarinnar var haldið óbreyttum á milli ára.

Fjárhagslegur rekstur deildarinnar gekk vel á árinu og hefur deildin vaxið og dafnað vel.



Meginstörf stjórnarinnar voru:

- a) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart aðalstjórn HK,
- b) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart DSÍ,
- c) að halda utan um fjárhag deildarinnar.

Vill stjórn deildarinnar þakka þeim gott samstarf á árinu.

Fyrir hönd stjórnar,
Ólafur Már Hreinsson
Formaður

Danskennarar deildarinnar eru:

- Esther Inga Níelsdóttir yfirkennari
- Rakel Guðmundsdóttir
- Níels Einarsson
- Adam Reeve
- Karen Reeve
- Ólafur Magnús Guðnason
- María Tinna Hauksdóttir
- Gylfi Már Hrafnsson
- Sigrún Rakel Ólafsdóttir
- Birgitta Björnsdóttir
- Björn Ragnarsson





SKÝRSLA BANDÝDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Anna Lea Friðriksdóttir formaður
Ólafur B. Sveinsson varaformaður
Anna Þóra Pétursdóttir gjaldkeri
Freydís S. Guðmundsdóttir ritari

Arnar Þórðarson meðstjórnandi
Kristbjörg Gunnarsdóttir meðstjórnandi
Martin Smedlund meðstjórnandi

Í ársbyrjun 2022 voru 5 flokkar virkir hjá bandýdeildinni; krakkaflokkur 10-12 ára, unglingsflokkur 13-15 ára, spilhópur 16 ára og eldri, meistaraflokkur kvenna og meistaraflokkur karla en þeir tveir síðastnefndu æfa saman. Allir flokkarnir voru starfandi í Digranesi. Staðan í flestum flokkum var prýðileg, iðkenda fjöldi ágætur og æfingar gengu vel.

Opnir nýliðatímar voru haldnir fyrir konur 16 ára og eldri sem skiluðu sér í auknum fjölda leikmanna í kvennaflokki og kynningarstarfið gerði að verkum að nú spilum við sérstakan kvennavöll á fimmtudagsæfingum þar sem við hvetjum konur á öllum aldri að koma og prófa bandý.

Keppnisleikir voru aðallega á milli HK og UMF Samherja á Akureyri enda eru ekki mörg lið sem spila á meistaraflokksstigi á Íslandi. Svo var haldið opið mót í Digranesi í mars en þar

mættu til leiks fjöldi liða sem spilar bandý víðs vegar um land og var mikil ánægja með mótið.

Líkt og undanfarin ár vorum við með sumaræfingar nema yfir hásumarið. Þær gengu vel og það er alltaf extra góð stemmning á sumaræfingunum. Æfingar fóru fram í Digranesi framan af sumri en svo í Fagralundi.

Tímabilið hófst á ný í byrjun september. Yngri flokkarnir komu vel undan sumarfríi, nokkur fjölgun í krakkaflokki og unglingsflokkur með góðan fjölda. Hjá fullorðnum héldu þær breytingar á meistaraflokksstarfinu sér að kvk og kk spila á sameiginlegum æfingum. Enn er verið að byggja kvennastarfið upp en það fékk á sig mesta höggið í covid og við höfum ekki náð upp sama fjölda og var fyrir það. Með áframhaldandi kynningarstarfi ætlum við okkur að bæta úr því.

Fulltrúar frá bandýdeild HK hafa einnig lagt stund á kynningarstarf til barna og ungmenna



á grunnskólaaldri og heimsótt fjölda skóla til að kynna íþróttina og stýra leik og spili í íþróttatímum.



Íslenska karlalandsliðið í bandý er skipað fjölda leikmanna HK og verið er að setja á fót íslenskt kvennalandslið í bandý sem verður einnig skipað leikmönnum úr HK að miklu leyti. Uppaldir leikmenn úr HK munu því vera áberandi í landsliðum beggja kynja sem er til vitnis um gæði starfsins í HK.

Íþróttamaður ársins hjá Bandýdeild HK var að þessu sinni Katrín Magdalena Haig Konráðsdóttir. Hún hlaut afgerandi kosningu enda tekið miklum framförum sem leikmaður auk þess sem hún hefur sinnt þjálfun yngri flokka af krafti og hefur einnig staðið framarlega í að kynna íþróttina fyrir nýjum iðkendum.

Fyrir hönd stjórnar,
Anna Lea Friðriksdóttir
Formaður

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

STARFMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrirfélagið. Veiting hennar skal bundin samröma samþykki Aðalstjórnar.

Aðalheiður Bjarnadóttir	2017	Knattspyrnudeild
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Baldur Már Bragason	2017	Knattspyrnudeild
Björn Ágúst Júlíusson	2015	Aðalstjórn
Björn Bergsson	2017	Knattspyrnudeild
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2017	Blakdeild
Eyrún Harpa Hlynisdóttir	2017	Blakdeild
Gunnar Þjóðólfsson	2015	Aðalstjórn
Hákon Hermannsson Bridde	2017	Handknattleiksdeild
Heiðdís Ösp Ingvadóttir	2017	Blakdeild
Jóhannes Egilson	2017	Blakdeild
Karl K. Benediktsson	2017	Handknattleiksdeild
Kjartan Briem	2017	Knattspyrnudeild
Kristján Rafn Hjartarson	2017	Borðtennisdeild
Leifur Kristjánsson	2017	Knattspyrnudeild
Magnús Bollason	2017	Borðtennisdeild
Natalia Ravva	2017	Blakdeild
Rafnar Rafnarsson	2017	Handknattleiksdeild
Sigurður Viðarsson	2015	Aðalstjórn
Torfi Jóhannsson	2017	Blakdeild
Viggó Magnússon	2015	Aðalstjórn
Þorgeir Lárus Árnason	2015	Aðalstjórn
Þorsteinn Gunnar Guðnason	2017	Blakdeild
Þorsteinn Hallgrímsson	2017	Knattspyrnudeild

SILFURMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 10 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 10 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára og eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 20 ár.

Alexander Arnarson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf í aðalstjórn og sem formaður og leikmaður í handknattleik		
Andrea Gísladóttir	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989		



Ásta Sigrún Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að þjálfun barna og unglunga í blaki		
Ásta St. Eiríksdóttir	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að kvennaknattspyrnu stjórnarstörf		
Björg Erlingsdóttir	2011	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglungastörfum		
Brynjar Júlíus Pétursson	2011	Blakdeild
Fyrir störf að þjálfun og eflingu blakíþróttar		
Einar Sigurðsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Einar Tómasson	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf blakíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Guðlaug Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Gunnþór Hermannsson	2009	Aðalstjórn
Kemur frá ÍK búningastjóri HK frá því 1992		
Hafdís Ebba Guðjónsdóttir	2012	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu handknattleiks		
Halldór Elvarsson	2017	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglungastörfum		
Halldór K Valdimarsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnuíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Heiðbjört Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		
Hilmar Rafn Kristinsson	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Hilmar Sigurgíslason	2009	Handknattleiksdeild
Stofnfélagi, leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Hörður Már Magnússon	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður og störf að málefnum knattspyrnu		
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar og aðalstjórnar		
Karl Sigurðsson	2010	Blakdeild
Fyrir brautryðjendastörf að málefnum strandblaks		
Kristinn Briem	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Kristinn Gunnarsson	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989 hefur setið unglingaráði deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Guðmundsson	2012	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum handknattleiks		
Kristín Guðmundsdóttir	2009	Knattspyrnudeild
Stjórnarmaður unglingaráðs og deildarstjórnar		
Laufey Guðmundsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf að málefnum félagsins		



Lilja Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Ómar Geir Þorgeirsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf að íþróttamálum og störf í aðalstjórn félagsins		
Ómar Ingi Guðmundsson	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ósk Kristinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ragnar Gíslason	2017	Knattspyrnudeild
Þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ragnar Bogi Pedersen	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu þjálfun og sem leikmaður		
Rúnar Einarsson	2010	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Rögnvaldur Guðmundsson	2009	Handknattleiksdeild
Stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar		
Sigvaldi Einarsson	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Vilborg Guðmundsdóttir	2009	Aðalstjórn og Blakdeild
Stjórnarmaður deildarstjórnar og Aðalstjórnar		
Valdís Árnadóttir	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Vilhjálmur Gauti Bergsson	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar og stjórnarsetu í Aðalstjórn		
Þórey Haraldsdóttir	2017	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		

GULLMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 20 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 20 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára eða eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 25 ár

Finnur Kristinsson	2010	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og málefni handknattleiksíðkunar		
Gísli B. Kristjánsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Gunnþór Hermannsson	2015	Aðalstjórn
Fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins, sögu og búningamál		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Jón Ármann Héðinsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Kristinn Gunnarsson	2012	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Fyrir störf sem leikmaður, stjórnarstörf unglíngaráða deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Skæringsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		



Magnús Gíslason	2009	Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Stofnandi, stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar, varaformaður HK		
Ragnar Ólafsson	2011	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og fyrir störf að málefnum handknattleiks		
Ragnheiður Kolviðsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Víðir Sigurðsson	2009	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Leikmaður ÍK, stjórnarmaður unglínga og deildarstjórnar		

HEIÐURSMERKI HK

Æðsta viðurkenning sem HK veitir. Veit þeim sem hefur starfað í stjórnun að minnsta kosti í 25 ár. Verið formaður deilda. Setið í Aðalstjórn. Handhafar geta aldrei orðið fleiri en 10 manns á hverjum tíma.

Albert H N Valdimarsson	2004	Aðalstjórn
Ósérhlíft starf blakdeildar eða frá stofnun hennar í 30 ár		
Gísli B. Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Þorsteinn Einarsson	2008	Formaður HK
Formaður HK í 20 ár		
Þorvarður Áki Eiríksson	1981	Formaður HK
Formaður HK		
Gísli B. Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		

HEIÐURSFÉLAGI HK

Æðsta viðurkenning sem HK veitir einstaklingi sem er ekki félagi í HK. Veit þeim einstaklingi sem hefur á einhvern hátt stutt félagið á ómetanlegan hátt til margra ára. Veit þeim einstaklingi sem hefur á mjög ósérhlífin hátt veitt félaginu framgang.

Gunnar I. Birgisson	2008	Aðalstjórn
Bæjarstjóri Kópavogs		
Ómar Stefánsson	2008	Aðalstjórn
Formaður bæjarráðs Kópavogs		



LÖG HANDKNATTLEIKSFÉLAGS KÓPAVOGS

Samþykkt af aðalfundi HK 27. apríl 2022.

1. grein - Nafn félags og varnarþing

Nafn félagsins er Handknattleiksfélag Kópavogs, skammstafað HK. Heimili og varnarþing þess er í Kópavogi.

2. grein – Tilgangur félags og grunngildi

1) Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþrótta meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

2) Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að efna til íþróttaæfinga, kappleikja, fundahalda og annars er árangur getur borið til eflingar heilbrigðu lífni.

3) Grunngildi félagsins eru gleði, virðing og metnaður.

3. grein – Merki félags og búningur

Merki félagsins er stafirnir HK, hvítir á rauðum hringlaga grunni. Aðalbúningur félagsins er hvít og rauð treyja, hvítar eða rauðar buxur og hvítir eða rauðir sokkar.

4. grein – Aðild að heildarsamtökum

Félagið er aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) og sérsamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandi Kjalarnesþings og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.

5. grein – Félagar

1) Félagar í HK eru:

1. Allir iðkendur í barna- og unglíngastarfi HK.
2. Þeir sem óska eftir því að vera félagar og greiða félagsgjöld til félagsins.

2) Heiðursfélagar eru ekki gjaldskyldir.

3) Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert.

4) Aðalstjórn skal halda félagaskrá.

5) Aðeins félagar hafa atkvæðarétt í félaginu.

6) Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfelld brot á reglum HK.

6. grein –Reikningsár

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

7. grein – Aðalfundur félagsins

1) Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins og hefur einn vald til að breyta lögum þess.

2) Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

3) Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tilkynning um hann skal birtast á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda tilkynningu til starfandi deilda félagsins og til þess mælst að þær komi



upplýsingum um fundinn áfram til félagsmanna. Í fundarboði skal greina þau málefni sem taka á til meðferðar á aðalfundi. Gögn aðalfundar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

4) Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

5) Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétt, tillögurétt og málfrelsi hafa lögráða félagar HK sem greitt hafa félagsgjöld a.m.k. viku fyrir dagsetningu aðalfundar.

6) Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir lögráða félagar.

7) Félagar hafa rétt til að bera fram tillögur um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja fram á skrifstofu félags fram að aðalfundi.

8) Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

b) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar er sannreynir atkvæðisbærni félaga.

c) Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og borin upp til samþykktar.

d) Skrifleg skýrsla aðalstjórnar og skýrslur deilda lagðar fram til umræðu.

e) Endurskoðaður ársreikningur aðalstjórnar ásamt endurskoðuðum ársreikningum einstakra deilda lagðir fram til umræðu og samþykktar.

g) Lagabreytingar.

i) Kosningar:

i. Kosning formanns (annað hvort ár)

ii. Kosning þriggja til sex stjórnarmanna

j) Ákvörðun félagsgjalda.

k) Önnur mál.

9) Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála.

10) Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

11) Að jafnaði skal ekki taka til formlegrar afgreiðslu önnur mál en þau sem eru birt eru á formlegri dagskrá aðalfundar. Leita má þó afbrigða og taka mál til formlegrar afgreiðslu undir liðnum önnur mál, en tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að afbrigði nái fram að ganga. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að tillaga, sem borin er fram undir liðnum önnur mál, hljóti samþykki.

8. grein – Aukaaðalfundur félagsins, félagsfundur

1) Aukaaðalfundur skal halda ef aðalstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá meirihluta deilda félagsins. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning getur ekki farið fram á aukaaðalfundi.

2) Aðalstjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar telji aðalstjórn ástæðu til og skal skylt að boða almennan félagsfund ef 1/3 félagsmanna eða fleiri krefjast þess. Fundarboð sé þá með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni.

9. grein – Aðalstjórn

1) Aðalstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess á milli aðalfunda.

2) Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi og er hún skipuð 7-10 einstaklingum.

3) Aðalstjórn skal kjörin þannig að formaður er kosinn til tveggja ára í senn og á hverjum aðalfundi eru þrír til sex aðalmenn í kjöri.

4) Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórn skal að lágmarki skipa varaformann. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur.

5) Stjórnarmenn í aðalstjórn skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir HK.



- 6) Stjórnarmenn í aðalstjórn skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála er varða persónulega hagsmuni þeirra eða aðila tengdum þeim.
- 7) Aðalstjórn er forsvari þess gagnvart UMSK, ÍSÍ, UMFÍ, viðkomandi ungmennafélagi, Kópavogsbæ, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga. Skal aðalstjórninni heimilt að kalla félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir til sérstakra verkefna ef þurfa þykir s.s. til uppbyggingar félagssvæðis og íþróttahúsa.
- 8) Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, skipting styrkja, lottógreiðslna og getrauna auk yfirumsjónar félagatals HK.
- 9) Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.
- 10) Aðalstjórn skal færa bókhald deilda samkvæmt reglugerðum ÍSÍ um bókhald deilda.
- 11) Aðalstjórn annast rekstur eigna HK, starfrækir íþróttaskóla HK og almenningsíþróttahópa HK.
- 12) Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykkt aðalstjórnar.
- 13) Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast daglegan rekstur félagsins.
- 14) Framkvæmdastjóri hefur í umboði aðalstjórnar umsjón með daglegum rekstri félagsins, svo sem mannvirkjum, skrifstofum félagsins og þjónustu við deildarstjórnir. Aðalstjórn getur falið framkvæmdastjóra frekari verkefni. Aðalstjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur.
- 15) Skylt er að halda aðalstjórnarfundi reglulega og skal halda um þá sérstök gerðarbók.
- 16) Aðalstjórn félagsins skal halda sameiginlegan upplýsingafund með stjórnnum deilda félagsins í það minnsta tvisvar á ári. Formaður deildar getur óskað eftir setu á fundi aðalstjórnar til að ræða málefni deildar og skal orðið við slíkri ósk innan mánaðar frá því hún barst.

10. grein - Deildir

- 1) Félaginu er skipt í deildir sem hver sinnir afmörkuðu sviði íþrótt-, tómsunda- og/eða félagsmála.
- 2) Deildum félagsins er skylt að setja sér starfsreglur á aðalfundi sínum sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins.
- 3) Deildir eru háðar eftirliti aðalfundar félagsins um starfsemi sína og fjármál og aðalstjórnar milli aðalfunda.
- 4) Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.
- 5) Leggja skal fjárhagsskuldbindingar s.s. leikmannasamninga og þjálfarasamninga deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.

11. grein – Stofnun og niðurlagning deilda

- 1) Aðalstjórn skal hafa umsjón með stofnun nýrra deilda og setur nýrri deild starfsreglur til bráðabirgða. Aðalfundur, sá næsti eftir stofnun deildar, skal staðfesta starfsreglur deildarinnar. Stofnfundur deildar skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda.
- 2) Hætti deild störfum er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar til varðveislu. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan 5 ára renna eignir hennar í sjóð aðalstjórnar.

12. grein – Aðalfundir deilda

- 1) Aðalfundir deilda fara með æðsta vald í málefnum þeirra, næst á eftir aðalfundi félags og aðalstjórn.
- 2) Hver deild skal halda aðalfund fyrir lok júní ár hvert.
- 3) Boðað skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins.
- 4) Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.
- 6) Fundir deilda eru opnir félagsmönnum en rétt til atkvæðagreiðslu hafa lögráða félagar.
- 7) Kjörgengir til trúnaðarstarfa deilda eru félagsmenn.
- 8) Dagskrá aðalfundar deilda skal vera:
 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.



2. Fundargerð síðasta aðalfundar deildar lesin upp og borin til samþykktar.
 3. Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
 4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til umræðu og afgreiðslu til aðalstjórnar.
 5. Kosningar:
 - a. Kosning formanns (annað hvort ár)
 - b. Kosning stjórnarmanna, að lágmarki fjórir, til eins árs
 6. Breytingartillögur á starfsreglum deildar bornar upp til atkvæða. Slíkar tillögur verða ekki teknar til afgreiðslu nema þeirra sé getið í fundarboði.
 7. Önnur mál.
- 9) Á aðalfundi skal einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráða niðurstöðu.
- 10) Vanræki deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

13. grein - Deildarstjórnir

- 1) Deildarstjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög félagsins og landslög.
- 2) Stjórn deilda skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Að lágmarki skal skipa varaformann og gjaldkera.
- 3) Enginn einstaklingur getur gegnt meira en einu af ofangreindum embættum á sama tíma.
- 4) Hver deild skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar 5 virkum dögum fyrir aðalfund deildarinnar.
- 5) Stjórn er ályktunarbær sé meirihluti stjórnarmanna mættur.
- 6) Hver deild skal halda gerðabók um allar ákvarðanir stjórnar og annað markvert sem varðar starf hennar. Gerðabók skal vera aðgengileg aðalstjórn á hverjum tíma.
- 7) Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá deildar skal aðgengileg aðalstjórn félags og framkvæmdastjóra á hverjum tíma.
- 8) Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði komi til kosninga innan stjórnar. Falli atkvæði jöfn hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi enda sé meirihluti stjórnarmanna viðstaddur.
- 9) Hætti stjórnarmaður getur stjórn tilnefnt stjórnarmann til bráðabirgða í hans stað að fengnu samþykki aðalstjórnar.
- 10) Stjórnir deilda ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuyfirlýsingu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.
- 11) Stjórn deildar samþykkir æfingagjöld deildar. Æfingagjöld skulu staðfest af aðalstjórn.
- 12) Fjárhagsáætlunir deilda skal leggja fram til samþykktar hjá aðalstjórn fyrir lok nóvember ár hvert. Skili deild ekki fjárhagsáætlun hefur aðalstjórn heimild til að stöðva alla styrki til deildar.
- 13) Aðalstjórn er heimilt að leggja fyrir stjórn deildar að skila uppgjöri ársfjórðungslega telji aðalstjórn ástæðu til.
- 14) Brjótí stjórn deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi deildar er aðalstjórn rétt að beina áskorun til stjórnar deildar um tafarlaugar úrbætur á því sem aflaga hefur farið. Bregðist stjórn deildar ekki við skriflegri áskorun



aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn deildar til hliðar og tekið yfir rekstur deildar til bráðabirgða en aðalstjórn skal þá efna til aukaaðalfundar eins fljótt og við verður komið og ekki síðar en innan tveggja mánaða frá því aðastjórn vék deildarstjórn til hliðar. Áskorun um úrbætur samkvæmt grein þessari telst löglega afhent þegar hún hefur verið birt tveimur stjórnarmönnum deildar með sannanlegum hætti.

14. grein – Aukaaðalfundur deildar, félagsfundur.

1) Aukaaðalfundur deildar skal halda ef aðalstjórn eða deildarstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá 20% skráðra iðkenda deildarinnar. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning geta ekki farið fram á aukaaðalfundi. Stjórnarkosning getur þó farið fram til að tryggja að stjórn sé fullmönnuð.

2) Stjórn deildar skal skylt að boða almennan félagsfund ef 1/3 félagsmanna eða fleiri krefjast þess. Fundarboð sé þá með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni.

15. grein – Aðalfundur barna- og unglíngaráðs

1) Aðalfundur barna- og unglíngaráðs skal haldinn á undan aðalfundi deildar eigi síðar en fyrir júní ár hvert, fyrir starfsárið næst á undan.

2) Boðað skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins.

3) Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

4) Dagskrá aðalfundar barna og unglíngaráðs skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar deildarinnar lesin upp og borin upp til samþykktar
3. Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til umræðu og afgreiðslu til deildarstjórnar
5. Kosning stjórnar:
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning að lágmarki fjögurra stjórnarmanna
6. Önnur mál

5) Á aðalfundi skal einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráða niðurstöðu.

6) Vanræki barna- og unglíngaráð að halda aðalfund á tilsettum tíma skal deildarstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

7) Að öðru leyti gilda reglur um aðalfund deildar um aðalfund barna- og unglíngaráðs.

16. grein - Uppstillingarnefnd

1) Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillingarnefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð félagsmönnum.

2) Uppstillingarnefnd skal auglýsa eftir framboðum og tillögum um frambjóðendur til embætta sem kosið er til á aðalfundi félagsins minnst 2 vikum fyrir aðalfund. Tillögu sinni skal uppstillingarnefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

3) Tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum skal liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.



17. grein – Verklag í ofbeldismálum

- 1) Komi upp grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi í starfsemi HK skal fylgja verklagi sem aðalstjórn HK hefur sett.
- 2)

18. grein – Slit félagsins

Félaginu má slíta að fengnu samþykki 4/5 þeirra sem atkvæði greiða á fundi sem boðað er til sérstaklega í þessu skyni. Skal fundarefnis getið í auglýsingu. Boðun fundarins skal vera í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr. Verði félaginu slitiðr skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar til varðveislu og afhendist síðar félagi sem stofnað yrði með hliðstæðum markmiðum.

19. grein – Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þar með úr gildi fyrri lög félagsins.



ÁRSREIKNINGAR



RAFÆNT UNDIRRITAD
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Kt. 2910753559
Dags. 26.5.2023 12:42:37
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Atli Steinn Árnason
Kt. 0604675879
Dags. 27.5.2023 13:12:34
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Heiðar Þór Karlsson
Kt. 2710853389
Dags. 31.5.2023 11:16:54
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Alexander Arnarson
Kt. 1412733889
Dags. 26.5.2023 12:43:26
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Anný Berglind Thorstensen
Kt. 2912715889
Dags. 30.5.2023 12:51:52
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Pétur Örn Magnússon
Kt. 0207753359
Dags. 26.5.2023 12:45:23
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Hanna Carla Jóhannsdóttir
Kt. 0808863499
Dags. 30.5.2023 12:58:42
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
Kt. 2407795019
Dags. 26.5.2023 15:25:18
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD
Guðmundur Karl Guðmundsson
Kt. 1909765219
Dags. 30.5.2023 20:58:29
Ástæða: Undirritun

HK Aðalstjórn Ársreikningur 2022



Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallakór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

HK
Aðalstjórn
Ársreikningur
2022



Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til Aðalstjórnar Handknattleiksfélags Kópavogs

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Aðalstjórnar Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 26.5.2023

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Aðalstjórnar HK fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagasamtakanna er að standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Starfsemin á árinu

Tap félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(4.783.579)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	78.677.122
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	64.645.967
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	82%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Aðalstjórnar HK koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Aðalstjórnar HK staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 26.5.2023

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlög frá Kópavogsbæ		691.093.900	643.184.000
Aðrir styrkir og framlög		6.275.438	33.496.020
Sala á vöru og þjónustu		28.312.065	19.561.886
Aðrar tekjur		8.804.894	6.227.183
		<u>734.486.297</u>	<u>702.469.089</u>
Rekstrargjöld			
Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ		(567.844.804)	(532.248.083)
Laun og verktakar	4	(115.969.117)	(108.217.744)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(9.463.109)	(16.612.079)
Annar rekstrarkostnaður		(46.285.152)	(31.632.559)
Afskriftir fastafjármuna	5	(155.378)	(1.921.093)
		<u>(739.717.560)</u>	<u>(690.631.558)</u>
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(5.231.263)	11.837.531
Fjármunatekjur		1.061.834	75.868
Fjármagns- og þjónustugjöld		(614.150)	(256.008)
		<u>447.684</u>	<u>(180.140)</u>
(Tap), hagnaður ársins		<u>(4.783.579)</u>	<u>11.657.391</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	6.962.322	1.476.365
		<u>6.962.322</u>	<u>1.476.365</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.032.255	3.318.460
Kröfur á aðrar deildir		38.421.108	37.140.899
Aðrar skammtímakröfur		87.441	0
Markaðsverðbréf		20.656.235	0
Handbært fé		10.517.761	38.429.971
		<u>71.714.800</u>	<u>78.889.330</u>
Eignir		<u>78.677.122</u>	<u>80.365.695</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	64.645.967	69.429.540
		<u>64.645.967</u>	<u>69.429.540</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.626.628	7.241.056
Aðrar skammtímaskuldir		11.404.527	3.695.099
		<u>14.031.155</u>	<u>10.936.155</u>
Skuldir		<u>14.031.155</u>	<u>10.936.155</u>
Eigið fé og skuldir		<u>78.677.122</u>	<u>80.365.695</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(5.231.263)	11.837.531
Afskriftir	5	155.378	1.921.093
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(5.075.885)	13.758.624
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(81.439)	6.411.597
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		3.095.000	2.017.362
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(2.062.324)	22.187.583
Innborgaðir vextir		1.061.834	75.868
Greiddir vextir		(614.150)	(256.008)
Handbært fé (til), frá rekstri		(1.614.640)	22.007.443
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	5	(5.641.335)	0
Keypt/seld markaðsverðbréf		(20.656.235)	0
		(26.297.570)	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(27.912.210)	22.007.443
Handbært fé í upphafi árs		38.429.971	16.422.528
Handbært fé í lok árs		10.517.761	38.429.971

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagasamtök, sem standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	110.603.545	103.367.168
Annar starfsmannakostnaður	3.016.657	3.421.659
Verktakagreiðslur	2.348.915	1.428.917
	<u>115.969.117</u>	<u>108.217.744</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veltiskílti	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Staða 1.1.2022	11.483.450	17.251.525	28.734.975
Eignfært á árinu	0	5.641.335	5.641.335
Staða 31.12.2022	<u>11.483.450</u>	<u>22.892.860</u>	<u>34.376.310</u>
Afskriftir			
Staða 1.1.2022	10.335.105	16.923.505	25.337.517
Afskrift ársins	0	155.378	155.378
Staða 31.12.2022	<u>10.335.105</u>	<u>17.078.883</u>	<u>25.492.895</u>
Bókfært verð			
Staða 1.1.2022	1.148.345	328.020	1.476.365
Staða 31.12.2022	<u>1.148.345</u>	<u>5.813.977</u>	<u>6.962.322</u>
Afskriftarhlutföll	6%	8-33%	

Skýringar

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021.....	57.772.149	57.772.149
Hagnaður ársins	11.657.391	11.657.391
Eigið fé 1.1.2022.....	69.429.540	69.429.540
Leiðrétting vegna fyrri ára.....	6	6
Tap ársins	(4.783.579)	(4.783.579)
Eigið fé 31.12.2022.....	64.645.967	64.645.967

7. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Skattamál

Ípróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphafleg kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisgrýnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

7. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Kt. 2910753559
Dags. 26.5.2023 12:44:07
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Atli Steinn Árnason
Kt. 0604675879
Dags. 26.5.2023 19:20:15
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helðar Þór Karlsson
Kt. 2710853389
Dags. 31.5.2023 11:15:31
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Pétur Örn Magnússon
Kt. 0207753359
Dags. 26.5.2023 12:44:23
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðmundur Karl Guðmundsson
Kt. 1909765219
Dags. 30.5.2023 09:28:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Alexander Arnarson
Kt. 1412733889
Dags. 26.5.2023 14:59:38
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Anný Berglind Thorstensen
Kt. 2912715889
Dags. 30.5.2023 12:53:27
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
Kt. 2407795019
Dags. 26.5.2023 15:30:22
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hanna Carla Jóhannsdóttir
Kt. 0808863499
Dags. 30.5.2023 12:58:05
Ástæða: Undirritun

Handknattleiksfélag Kópavogs

Samstæðuársreikningur 2022



Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallakór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

**Handknattleiksfélag
Kópavogs**
Samstæðuársreikningur
2022



Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til Aðalstjórnar Handknattleiksfélags Kópavogs

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuársreikning Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 26.5.2023

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagasamtakanna er að standa fyrir iðkun íþrótta á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Starfsemin á árinu

Tap félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(15.006.099)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	199.608.159
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	120.256.691
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	60%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Handknattleiksfélags Kópavogs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Handknattleiksfélags Kópavogs staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 26.5.2023

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlög frá Kópavogsbæ		691.093.900	643.184.000
Styrkir og framlög		90.081.831	134.270.196
Tekjur af mótum		51.339.850	25.572.985
Æfingagjöld		167.783.812	155.931.710
Sala á vörum og þjónustu		18.441.049	11.303.886
Aðrar tekjur		46.672.049	43.677.308
		<u>1.065.412.491</u>	<u>1.013.940.085</u>
Rekstrargjöld			
Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ		(567.844.804)	(532.248.083)
Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður 4		(383.617.475)	(337.777.294)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(11.183.265)	(18.157.261)
Búningar og ýmis aðbúnaður		(9.855.442)	(10.225.222)
Mótakostnaður		(47.696.133)	(29.681.305)
Annar rekstrarkostnaður		(59.144.856)	(55.314.087)
Afskriftir		(1.050.647)	(3.832.796)
		<u>(1.080.392.622)</u>	<u>(987.236.048)</u>
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(14.980.131)	26.704.037
Fjármunatekjur		3.343.115	346.225
Fjármagns- og þjónustugjöld		(3.369.083)	(1.988.911)
		<u>(25.968)</u>	<u>(1.642.686)</u>
(Tap), hagnaður ársins		<u>(15.006.099)</u>	<u>25.061.351</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	6.962.322	1.476.365
Leikmenn	5	5.437.580	4.532.849
		<u>12.399.902</u>	<u>6.009.214</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		31.262.141	34.182.558
Aðrar skammtímakröfur		336.426	7.243.823
Handbært fé		155.609.690	161.065.399
		<u>187.208.257</u>	<u>202.491.780</u>
Eignir		<u>199.608.159</u>	<u>208.500.994</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakt endurmat leikmanna	7	3.800.000	3.900.000
Óráðstafað eigið fé		116.456.691	131.462.790
		<u>120.256.691</u>	<u>135.362.790</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		8.733.767	5.159.694
Fyrirframinnheimtar tekjur		59.150.000	59.465.414
Aðrar skammtímaskuldir		11.467.701	8.513.096
		<u>79.351.468</u>	<u>73.138.204</u>
Skuldir		<u>79.351.468</u>	<u>73.138.204</u>
Eigið fé og skuldir		<u>199.608.159</u>	<u>208.500.994</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(14.980.131)	26.704.037
Afskriftir	6	1.050.647	3.832.796
Söluhagnaður óefnislegra eigna		(950.000)	(3.244.805)
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(14.879.484)	27.292.028
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		9.827.814	(14.064.843)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		6.213.264	34.556.783
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.161.594	47.783.968
Innborgaðir vextir		3.343.115	346.225
Greiddir vextir		(3.369.083)	(1.988.911)
Handbært fé frá rekstri		1.135.626	46.141.282
Fjárfestingahreyfingar			
(Keyptir)/Seldir leikmenn	5	(950.000)	4.300.000
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(5.641.335)	0
		(6.591.335)	4.300.000
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(5.455.709)	50.441.282
Handbært fé í upphafi árs		161.065.399	110.624.117
Handbært fé í lok árs		<u>155.609.690</u>	<u>161.065.399</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagasamtök, sem standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun	101.508.506	95.946.725
Launatengd gjöld	28.090.656	22.388.081
Annar starfsmannakostnaður	1.689.942	1.696.102
Rekstrarleiga bifreiða	17.609.823	17.652.717
Verktakagreiðslur	234.718.548	200.093.669
	<u>383.617.475</u>	<u>337.777.294</u>

5. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:	Samtals
Kaupverð að frádregnum afskriftum 1.1.2022	632.849
Seldir leikmenn	(100.000)
Keyptir leikmenn	2.000.000
Afskriftir á árinu	(895.269)
Kaupverð að frádregnum afskriftum 31.12.2022	<u>1.637.580</u>
Endurmat 1.1.2022	3.900.000
Matsbreyting leikmanna á árinu	(100.000)
Endurmat 31.12.2022	<u>3.800.000</u>
Bókfært verð	
Staða 1.1.2022	<u>4.532.849</u>
Staða 31.12.2022	<u>5.437.580</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veltiskilti	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2022	11.483.450	17.251.525	28.734.975
Eignfært á árinu	0	5.641.335	5.641.335
Staða 31.12.2022	11.483.450	22.892.860	34.376.310
Afskriftir			
Staða 1.1.2022	10.335.105	16.923.505	27.413.988
Afskrift ársins	0	155.378	155.378
Staða 31.12.2022	10.335.105	17.078.883	27.569.366
Bókfært verð			
Staða 1.1.2022	1.148.345	328.020	1.476.365
Staða 31.12.2022	1.148.345	5.813.977	6.962.322
Afskriftarhlutföll	6%	8-33%	

7. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021.....	3.700.000	135.419.382	139.119.382
Endurmat leikmanna.....	200.000	0	200.000
Leiðrétting á skekkju fyrri ára	0	(29.017.943)	(29.017.943)
Hagnaður ársins	0	25.061.351	25.061.351
Eigið fé 1.1.2022.....	3.900.000	131.462.790	135.362.790
Endurmat leikmanna.....	(100.000)	0	(100.000)
Tap ársins	0	(15.006.099)	(15.006.099)
Eigið fé 31.12.2022.....	3.800.000	116.456.691	120.256.691

8. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Skýringar

8. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Ípróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Eignir (leikmenn) eru skráðar(ir) meðal varanlegra rekstrarfjármuna (óefnislegra eigna) þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreakningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

REKSTRARREIKNINGUR 2022

SUNDURLIÐAÐ Á DEILDIR

REKSTRARTEKJUR:	Aðalstjórn	Handbolti Mfl.	Handbolti BogU	Knattspyrna Mfl.	Knattspyrna BogU	Blak Mfl.	Blak BogU	Borðtennis	Dans	Bandý	Millifærslur	Allar deildir SAMSTÆÐA
Framlög frá Kópavogsbæ	691.093.900											691.093.900
Aðrir styrkir og framlög	6.275.438	23.033.570	3.444.814	37.212.400	25.382.175	5.004.302	2.382.024	513.665	472.537	460.906	(14.100.000)	90.081.831
Æfingagjöld	1.745.016		45.748.964		99.368.366	7.678.848	6.495.321	1.192.500	4.199.325	1.355.472		167.783.812
Tekjur af mótum		1.903.259	5.297.500	17.640.554		26.498.537						51.339.850
Sala á vörum og þjónustu	26.567.049										(8.126.000)	18.441.049
Aðrar tekjur	8.804.894	5.722.601	4.858.120	16.001.002	7.658.042	2.181.560	573.101	330.000	542.729	-		46.672.049
	734.486.297	30.659.430	59.349.398	70.853.956	132.408.583	41.363.247	9.450.446	2.036.165	5.214.591	1.816.378	(22.226.000)	1.065.412.491
REKSTRARGJÖLD:												
Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ	567.844.804											567.844.804
Laun og verktakar	115.969.117	17.959.671	48.201.464	63.888.757	113.827.067	12.286.686	5.879.301	1.087.500	4.101.662	416.250		383.617.475
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9.463.109	160.579	2.949.657	934.863	4.937.550	517.500		72.000		274.007	(8.126.000)	11.183.265
Búningar og ýmis aðbúnaður	1.478.728	1.584.063	2.259.414	1.749.325	2.783.912							9.855.442
Mótakostnaður		4.382.909	5.491.251	8.304.269	4.703.250	21.198.587	1.908.923				1.706.944	47.696.133
Annar rekstrarkostnaður	44.806.424	4.649.315		13.474.024	2.270.762	5.494.614	411.808	434.873	756.344	946.692	(14.100.000)	59.144.856
Afskriftir	155.378			895.269								1.050.647
	739.717.560	28.736.537	58.901.786	89.246.507	128.522.541	38.979.887	8.717.532	1.594.373	4.858.006	1.636.949	(20.519.056)	1.080.392.622
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	(5.231.263)	1.922.893	447.612	(18.392.551)	3.886.042	2.383.360	732.914	441.792	356.585	179.429		(14.980.131)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld												
Vaxtatekjur	1.061.834	43.155	231.176	39.016	1.646.797	170.284	45.227	38.797	8.492	58.337		3.343.116
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(614.150)	(73.313)	(767.693)	(232.214)	(1.241.085)	(201.408)	(142.659)	(23.604)	(36.339)	(36.618)		(3.369.083)
	447.684	(30.158)	(536.517)	(193.198)	405.712	(31.124)	(97.432)	15.193	(27.847)	21.719		(25.967)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	(4.783.579)	1.892.735	(88.905)	(18.585.749)	4.291.754	2.352.236	635.482	456.985	328.738	201.148		(15.006.098)
Fjáröflun flokka												
Fjáröflun flokka, inngreiðslur		284.726	25.995.046	6.057.723	45.211.906	3.945.646		5.608.919			(87.103.966)	-
Fjáröflun flokka, útgreiðslur		(281.033)	(25.824.627)	(7.122.742)	(46.427.880)	(3.615.434)		(5.539.194)			88.810.910	-
	-	3.693	170.419	(1.065.019)	(1.215.974)	330.212	-	-	69.725	-	-	-
Hagnaður (tap) ársins	(4.783.579)	1.896.428	81.514	(19.650.768)	3.075.780	2.682.448	635.482	456.985	398.463	201.148		(15.006.098)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2022

EIGNIR												
Fastafjármunir												
Varanlegir rekstrarfjámunir												
Veltiskilti	1.148.345											1.148.345
Áhöld, tæki og innréttingar	5.813.977											5.813.977
	6.962.322	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	6.962.322
Óefnislegar eignir												
Eignfærðir leikmenn				5.437.580								5.437.580
Fastafjármunir	6.962.322	-	-	5.437.580	-	-	-	-	-	-	-	12.399.902
Veltufjármunir												
Skammtímakröfur:												
Viðskiptakröfur	2.032.255	420.547	7.434.230	3.794.119	16.364.112	160.530	453.805	295.220	233.673	73.649		31.262.140
Kröfur á deildir	38.421.108				145.000						(38.566.108)	-
Aðrar kröfur	87.441	8.900	43.952	7.618	122.170	36.651	7.759	7.915	1.396	12.624		336.426
Handbært fé:												
Bankareikningar og verðbréf	31.173.996	3.987.771	19.889.974	3.216.266	78.360.684	6.385.419	4.402.423	2.708.637	677.580	4.806.884		155.609.691
Veltufjármunir	71.714.800	4.417.218	27.368.156	7.018.003	94.991.966	6.582.600	4.863.987	3.011.772	912.649	4.893.157		187.208.257
Eignir alls	78.677.122	4.417.218	27.368.156	12.455.583	94.991.966	6.582.600	4.863.987	3.011.772	912.649	4.893.157		199.608.159
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ												
Eigið fé												
Sérstakur endurmatreikningur	-	-	-	3.800.000	-	-	-	-	-	-	-	3.800.000
Eigið fé	64.645.967	(11.017.826)	7.712.842	(7.599.312)	45.819.528	3.857.167	4.448.187	3.011.772	722.649	4.855.657		116.456.688
Eigið fé	64.645.967	(11.017.826)	7.712.842	(3.799.312)	45.819.528	3.857.167	4.448.187	3.011.772	722.649	4.855.657		120.256.688
Skammtímaskuldir												
Viðskiptaskuldir	2.626.628	435.044	281.592	3.405.664	280.444	1.206.095	415.800	190.000	37.500	(145.000)		8.733.767
Fyrirframinheimtar tekjur			14.000.000		45.150.000							59.150.000
Ýmsar skammtímaskuldir	11.404.527		373.722	1.149.231	3.741.994	1.519.338				(6.721.108)		11.467.704
Skuldir við aðalstjórn		15.000.000	5.000.000	11.700.000							(31.700.000)	-
Skammtímaskuldir	14.031.155	15.435.044	19.655.314	16.254.895	49.172.438	2.725.433	415.800	-	190.000	37.500		79.351.471
Skuldir og eigið fé alls	78.677.122	4.417.218	27.368.156	12.455.583	94.991.966	6.582.600	4.863.987	3.011.772	912.649	4.893.157		199.608.159